

Ed.

546. Frumvarp til hafnalaga.

[181. mál]

(Eftir 3. umr. í Nd., 15. apríl.)

Samhljóða þskj. 523 með þessari breytingu:

11. gr. hljóðar svo:

Hafnarstjórn, skipuð 3—5 mönnum, hefur á hendi stjórn hafnar og hafnar-sjóðs á þann hátt, sem sveitarstjórn, sýslunefnd eða sameigendur hafnar ákveða og í samræmi við reglugerð.

Hafnarstjórn er kosin af sveitarstjórn þeirri eða sýslunefnd, sem stofnað hefur hafnarsjóðinn. Séu stofnendur fleiri en einn, fer um kosningu samkv. samn-
ingi. Sveitarstjórn ræður hafnarstjóra og ákveður verksvið hans, að fengnum tillög-
um hafnarstjórnar. Fela má oddvita, bæjarstjóra, sveitarstjóra eða formanni hafnar-
stjórnar störf hafnarstjóra.